

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. kafla 1. viðauka við EES samninginn, 524. mál, EES-reglur breyting ýmissa laga.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við frumvarpið.

Neytendasamtökin leggja þó til að bætt verði við ákvæði um að upprunaland matvöru skuli ávallt koma fram við sölu. Í desembermánuði sl. sendu Neytendasamtökin svohljóðandi bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfissráðherra svohljóðandi bréf um þetta efni:

„Á síðasta stjórnarfundum Neytendasamtakanna var fjallað ítarlega um að eðlilegt sé að upprunaland komi alltaf fram við sölu á matvælum. Því beinir stjórn Neytendasamtakanna þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda, bæði umhverfissráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að séð verði svo um að upprunaland matvöru, hvort sem um er að ræða landbúnaðarvörur eða aðrar matvörur, komi alltaf fram á sölustað.

Innflutningur á landbúnaðarvörum hefur aukist töluvert á síðustu á síðustu árum og er það mikil breyting frá því sem áður var. Það er jafnframt ljóst að innan fárra ára mun innflutningurinn aukast verulega vegna alþjóðlegra viðskiptaskuldbindinga.

Miðað við tryggð megin þorra neytenda gagnvart innlendum landbúnaðarvörum er ljóst að upplýsingar um upprunaland matvöru verður til að styrkja innlendan landbúnað í vaxandi samkeppni. Um leið er verið að veita neytendum mikilvægar upplýsingar sem þeir eiga rétt á og sem skiptir þá miklu máli.

Stjórn Neytendasamtakanna hvetur því umhverfissráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að tryggð verði að settar verði nauðsynlegar reglur til að tryggja þetta.”

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson